

Nd.

96. Nefndarálit

[58. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frumv. þessu er lagt inn á nýja braut til fjáröflunar fyrir ríkissjóð. Lagt er til, að ríkið bjóði út 75 milljón króna skuldabréfalán innanlands og taki þar með upp samkeppni við banka og sparisjóði um sparifé landsmanna. Núverandi ríkisstjórn hefur gengið lengra en aðrar ríkisstjórnir hafa gert í því að hlutast til um með beinum og óbeinum afskiptum, hvernig peningastofnanir þjóðarinnar ráðstafa því fé, sem þær hafa yfir að ráða. Með útgáfu þess skuldabréfaláns, sem frumv. fjallar um, mundi ríkisstjórnin enn draga til sín meira fé frá sparisjóðum og bönkum landsins.

Það eru einkum þrjú efnisatriði frumv., sem ég tel að breyta þurfi.

Í fyrsta lagi tel ég, að rétt sé að ákveða í aðalatriðum lánskjör þessa skuldabréfaláns. Vextir ættu ekki að vera hærrí en 4—5%, þar sem gengið er út frá, að lánið verði verðtryggt. Þau lánskjör, sem upplýst er að ríkisstjórnin hefur hugsað sér á láninu, þ. e. 7.2% meðaltalsvextir og auk þess verðtrygging, tel ég að nái engri átt. Slík lánskjör væru miklu óhagstæðari fyrir ríkissjóð en dæmi eru til um áður um lántökur hans. Ég tel líka augljóst, að ýmsir aðilar muni draga sparifé sitt út úr bönkum og sparisjóðum, þegar slík lánskjör eru í boði.

Í öðru lagi tel ég, að fella eigi niður ákvæði í 3. gr. frv. um, að skuldabréf og spariskirteini þessa útboðsláns eigi að vera undanþegin framtalsskyldu. Skuldabréf eru nú undantekningarlaust framtals- og skattskyld. Ég tel undanþágu í þessum efnum samkv. frumvarpinu mjög draga úr möguleikum skattayfirvalda til þess að geta veitt nægilegt aðhald um rétt skattaframtöl.

Í þriðja lagi tel ég, að breyta þurfi ákvæðum 4. gr. um ráðstöfun lánsfjárins. Ég tel, að sú tilhögun ein sé eðlileg um ráðstöfun fjárins, að Alþingi geri um það samþykkt á líkan hátt og um aðrar fjárveitingar.

Ég flyt á sérstöku þingskjali breytingartillögur við málið, sem ganga í framan- greinda átt.

Alþingi, 18. nóv. 1964.

Lúðvík Jósefsson.